

Akureyrarsjóður – skýrsluskil vegna úthlutunar 2020

Sjóðurinn veitir styrki til verkefna á ýmsum sviðum skólans og samstarfsstofnana hans.

Styrknum er ætlað að styðja:

- 1) Ráðstefnur eða meiriháttar samkomur
- 2) Útgáfu- og kynningarstarfsemi
- 3) Menningarstarf eða annað sem stjórnin telur falla að þessum reglum

Styrkfjárhæð er 1 milljón króna á ári.

Stjórn sjóðsins skipa:

Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands

Jón Haukur Ingimundarson, dósent og sviðsstjóri á Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarmála HA

Starfsmaður stjórnar er Kristín Sigurðardóttir, verkefnastjóri bókhalds og rannsóknaverkefna HA

Í reglum sjóðsins kemur fram að hver styrkur getur verið að hámarki 150.000 kr

Árið 2020 var óvenjulegt og að þessu sinni var þessari einni milljón sem Akureyrarbær styrkir sjóðinn um árlega, ekki úthlutað að fullu. Umsóknir voru fjórar, vegna tveggja viðburða. Ráðstefna á vegum Miðstöðvar Skólaþróunar var færð í rafrænt form og kostnaður því lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Örráðstefna þeirra Odds Vilhelmssonar og Auðar Sigurbjörnsdóttur fór fram í byrjun ágúst 2020, að Reykjum í Hrutafirði. Þangað mættu m.a. fjórir erlendir sérfræðingar. Staðan á kórónuveirufaraldri innanlands var góður og því slapp þetta til.

Þessi samstarfsstyrkur er mikilvægur starfsmönnum Háskólans á Akureyri.

Meðfylgjandi eru skýrslur styrkþega.

f.h. Akureyrarsjóðs

Kristín Sigurðardóttir

Vegna styrkveitingar úr Verkefnasjóði HA

Miðstöð skólaþróunar hélt Námstefnu í Byrjendalæsi 11. sept 2020. Námstefna þessi er haldin annaðhvert ár í húsakynnum HA. Á námstefnuni koma saman kennarar alls staðar af landinu sem kenna eftir aðferðum Byrjendalæsis. Allir kennarar sem hafa áhuga á læsi eru að sjálfsögðu velkomnir.

Í Byrjendalæsi er lögð áhersla á að börn kynnist áhugaverðum bókmenntum og fræðitextum. Barnabókmenntir og aðrir gæðatextar eru nýttir í lestrarkennslunni til að kenna tengsl stafs og hljóðs, efla lesskilning og kveikja áhuga barna á lestri og bókmenntum.

Vegna samkomutakmarkana var ákveðið að hafa hana rafræna í ár. Venjulega greiða þátttakendur gjald fyrir þessa námstefnu. Í ár var ákveðið að hafa hana fría til að koma til móts við kennara á þessum sérstöku tímum.

Styrkurinn sem MSHA fékk frá Verkefnasjóði HA, var nýttur til að greiða aðalfyrirlesaranum Kristínu Zimeke og koma til móts við þann kostnað sem hlaut af því að bjóða námstefnuna gjaldfrjálsa. Dagskrá ráðstefnunnar er hér aftast í skjalinu.

Með vinsemd og virðingu

f.h. MSHA



Anna Sigrún Rafnsdóttir

Dagskrá

13:00

Setning

Gunnar Gíslason, forstöðumaður MSHA

13:05

Aðalerindi

Read the World. Rethinking literacy for empathy and action in a digital age

Kristin Ziemke, kennari og sérfræðingur í læsi og upplýsingatækni

14:00

Samþætting læsis og náttúruvísinda á yngsta stigi

Dr. Brynhildur Bjarnadóttir, dósent við HA

14:30

Orðræða um Byrjendalæsi: menntapólitísk átök

Guðmundur Engilbertsson, lektor við HA

15:00

Spjaldtölvur í ritun - starfendarannsókn

Dr. Rannveig Oddsdóttir, lektor við HA og Anna Sigrún Rafnsdóttir, kennari og sérfræðingur við MSHA

15:30

„Mamma, ég er bókþroti!“

Ráð og hugmyndir um bókaormældi - yndislestur

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við HA

16:00

Ráðstefnuslit

Anna Sigrún Rafnsdóttir, kennari og sérfræðingur við MSHA

Lokaskýrsla vegna styrkja úr Verkefnasjóði Háskólans á Akureyri

Dagana 6.-9. ágúst s.l. var haldin örráðstefna með vettvangsferðum undir merkjum Háskólans á Akureyri. Ráðstefnan var haldin í húsakynnum Skólabúðanna að Reykjum í Hrótafirði og var skipulögð af Oddi Vilhelmssyni og Auði Sigurbjörnsdóttur. Þátttakendur voru nemendur auðlindadeildar HA (Birta Þórisdóttir, Bjartur Hilmisson, Salvör Káradóttir og Sigrún Hrefna Sveinbjörnsdóttir), doktorsneminn Natalia Ramirez, Anett Blischke, sérfræðingur hjá ÍSOR, Rob Jackson, prófessor í trjámeinafræði við Birmingham-háskóla; Cindy Morris, sérfræðingur í vistfræði ískirningarbaktería; Odile Berge, sérfræðingur í flokkunarfræði *Pseudomonas syringae*-líkra baktería og Cécile Monteil, tæknimaður og sérfræðingur í einangrun og ræktun *P. syringae* úr umhverfissýnum.

Alls voru haldin tíu erindi (sjá fylgiskjal) og farið í tvær vettvangsferðir þar sem umhverfissýnum var safnað.

Ráðstefnan markaði jafnframt upphaf verkefnisins *Skapa fléttur valþrýsting fyrir þróun Pseudomonas syringae í vistgerðum Norðurslóða*, en það verkefni er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís.

Tveir styrkir fengust úr Verkefnasjóði HA; AEY2001 (150.000 kr) og AEY2002 (136.800 kr). Báðir styrkir hafa verið nýttir að fullu samkvæmt reikningum sem sendir voru til bókhalds HA. Styrkirnir voru nýttir með eftirtöldum hætti:

AEY2001:

- Gisting og fullt fæði í Reykjaskóla, 35.000 kr á mann. Greitt að fullu fyrir Cindy Morris, Odile Berge, Rob Jackson og Natalia Ramirez. Greitt að hluta fyrir Auði Sigurbjörnsdóttur, 10.000 kr.

AEY2002:

- Erlendur ferðakostnaður fyrir Cécile Monteil (flug París-RVK-París), 70.000 kr
- Gisting í sýnatökuferðum og á Akureyri (alls 4 nætur), 66.800 kr

Aðrir kostnaðarliðir ráðstefnunnar voru fjármagnaðir með öðrum leiðum, eins og getið var um í umsóknum styrkjanna.